

A 1867/tillvæxt**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

Þingmannatillögu**um stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að norrænu ríkisstjórnirnar beiti sér saman fyrir gerð sameiginlegrar norrænnar áætlunar í þeim tilgangi að minnka loftmengun af völdum flugumferðar;

að samin verði sameiginlega áætlun um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims með jarðefnaeldsneytislausan flugmarkað 2040 með samnorrænni kröfu um íblöndun 5% lífoldsneytis í allt flugvélaeldsneyti, byggt á norrænu hráefni, sem notað er í flugi milli og innan Norðurlanda frá og með árinu 2025;

að skýrslan Nordic Sustainable Aviation verði þýdd á skandinavískt tungumál og að samantekt á pólitískum tilmælum verði þýdd á skandinavískt mál auk finnsku og íslensku.

Bakgrunnur

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin ákvað á fundi sínum 29. júní 2021 að sameina tillögu flokkahóps hægrimanna um *Norðurlönd sem jarðefnaeldsneytislausan flugmarkað árið 2040* (A 1886/tillvæxt) og tillögu flokkahóps miðjumanna um *stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti* (A 1867/tillvæxt) í eina nefndartillögu.

Ástæðan fyrir því að slá tillögum saman er sú að öll Norðurlöndin stefna að því að draga úr loftmengun í flugsamgöngum en þau skortir samnorræna áætlun. Jarðefnaeldsneytislaus flugmarkaður á Norðurlöndum og aukin notkun lífoldsneytis eru tveir sameiginlegir þættir sem geta stuðlað að þessu.

Eigi framtíðarsýn forsætisráðherranna um Norðurlönd sem samþætt og sjálfbært svæði á heimsmælikvarða fyrir 2030 og metnaður Norðurlanda um að draga úr



kolefnislosun sem nemur 50% fyrir 2030 að verða að veruleika skiptir sköpum að Norðurlöndin samræmi stefnur sínar.

Á sumum svæðum Norðurlanda eru landfræðileg skilyrði með þeim hætti að erfiðleikum er bundið að leggja járnbrautir og vegi og því erum við í öllum löndum okkar háð innanlandsflugi til að tryggja aðgengi til allra landshluta.

Á Norðurlöndum eru margir litlir flugvællir og flugleiðir stuttar en það hentar rafknúnum flugvélum. Norðurlöndin geta rutt brautina fyrir jarðefnaeldsneytislausan flugmarkað sem tengir löndin innan og milli Norðurlanda.

Á Norðurlöndum er gott aðgengi að jarðefnaeldsneytislausu rafmagni og hráefni til framleiðslu á lífoldsneyti. Þá eru norræn fyrirtæki í startholunum að hefja framleiðslu á öflugum rafgeymum ásamt þróun og framleiðslu á rafknúnum flugvélum.

Fjárfestingar í innviðum til að auka íblöndun lífoldsneytis verða stöðugt hagkvæmari ef miðað er við sameiginlegan markað á Norðurlöndum.

Forsendurnar eru góðar því Norðurlöndin er nú þegar, án samhæfingar, í fararbroddi hvað varðar notkun endurnýjanlegrar orku og geta orðið stórframleiðandi á lífoldsneyti og flugvéla lífoldsneyti. Nýting norrænna lífauðlinda þarf ekki að ógna líffræðilegri fjölbreytni á Norðurlöndum.

Norðurlandaráð og Norðurlönd stefna að því að verða grænasta og samkeppnishæfasta svæði Evrópu fyrir 2030. Með fjárfestingum í hærri íblöndun lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti með bættum innviðum og dreifingu milli landa geta löndin með tíð og tíma dregið úr kostnaði lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti. Norðurlöndin geta skapað sameiginlegan markað fyrir þessa nýjung.

Öll norrænu löndin hafa sett sér háleit markmið í loftslagsmálum. Saman höfum við forsendur til að skapa jarðefnaeldsneytislausan flugmarkað fyrir árið 2040 sem getur orðið fyrirmynd annars staðar í heiminum. Þar sem margar flugleiðir liggja yfir landamæri Norðurlanda er mikilvægt að hafa sameiginlega áætlun um jarðefnaeldsneytislausan flugmarkað auk þess sem það eykur líkur á að henni verði hrint í framkvæmd og að hún hafi áhrif.

Aukinn hreyfanleiki og sameiginleg krafa Norðurlanda um 5% íblöndun lífoldsneytis eru hagur farþega, atvinnulífs og andrúmsloftsins. Við stuðlum að norrænni nytsemi og setjum Norðurlöndin öll á heimskortið.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin taldi tillögur flokkahóps hægrimanna og flokkahóps miðjumanna afar góðar, skýrar og metnaðarfullar í þá veru að draga úr loftmengun af völdum flugumferðar. Með báðum tillögum er hægt að vinna samnorræna áætlun sem framfylgir loftslagsmarkmiðum landanna, Norðurlanda, Evrópu og heimsins á hagkvæman hátt.



Rökin fyrir því að sameina tillögurnar er þau að öll Norðurlöndin stefna að því hvert um sig að draga úr loftmengun af völdum flugumferðar. Jarðefnaeldsneytislauð flugmarkaður á Norðurlöndum og aukin notkun lífoldsneytis eru tveir sameiginlegir þættir sem geta stuðlað að þessu.

Í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2022-2024 sem tengist vinnunni að framtíðarsýninni eru auknar fjárveitinga til sviða innviða og loftslagsmála. Nefndin telur að tillagan samræmist metnaði Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur jafnframt til að í vinnuferlinu framundan verði stuðst við skýrslu Norrænna orkurannsókna, [Nordic Sustainable Aviation](#), sem unnin var að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar (loftslags- og umhverfismálaráðherranna) 2020. Skýrslan hefur að geyma fjölda stefnutilmæla í þeim tilgangi að auka notkun sjálfbærs eldsneytis í flugi og flugumferð.

Skýrslan kannar möguleika á lífoldsneyti og rafeldsneyti, einnig rafknúnum flugvélum (vetni eða raforku) og inniheldur yfirlit yfir styrkleika og veikleika hinna ýmsu valkosta.

Til að halda vinnunni áfram ákvað norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin að panta þýðingu á skýrslunni á skandinavískt mál og samantekt á stefnutilmælum á skandinavískt mál auk finnsku og íslensku.

Norðurlöndum, 7. september 2021

Ann-Sofie Alm (M)
Arman Teimouri (L)
Eveliina Heinäluoma (sd)
Joakim Strand (sv)
Lorena Delgado Varas (V)
Nils Aage Jegstad (H)

Orla Hav (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Solfrið Lerbrekk (SV)
Stein Erik Lauvås (A)
Torhild Bransdal (KrF)

Fyrirvari

Norrænt frelsi gerir fyrirvara við nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um að sameina tillögu flokkahóps hægrimanna um *Norðurlönd sem jarðefnaeldsneytislauð flugmarkað árið 2040* (A 1886/tillväxt) og tillögu flokkahóps miðjumanna um *stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti* (A 1867/tillväxt) í eina sameiginlega nefndartillögu.

Ný tillögugrein, flokkahópur hægrimanna:

Flokkahópur hægrimanna leggur til að



Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að samin verði sameiginlega áætlun um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims með jarðfnaeldsneytisláusan flugmarkað fyrir árið 2040

Norðurlöndum 1. nóvember 2021